

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarлага, nr. 8/1974.
Lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, skal endurskoða fyrir 1. janúar 1992.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir f-lið 29. gr. laganna komi nýr staflíður svohljóðandi:

Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum, sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

2. gr.

5. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Örorkubætur greiðast ekki ef örorkutapið er metið minna en 10%.

3. gr.

Síðasti másl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í f- og g-lið 29. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.